**Norðurhella 19, gistiheimili**

Byggingarlýsing :

- Húsið er staðsteypt, þ.e. gólfplötur, loft, útveggir og berandi innveggir.
- Þakið er einangrað á pappalagða steypta plötuna með 250 mm roff-mate einangrun og fergt á grisjudúk með 50 mm steinhellum.
- Útveggir eru einangraðir að utan með 120 mm steinull og álklæðningu.
- Gólfplata og sökklar jarðhæðar eru einangraðir með 100 mm einangrun.
- Steyptir innveggir eru múrhúðaðir og veggir við votrými hlaðnir og múrhúðaðir.
- Léttir innveggir eru gifsklæddir.
- Húsið er ofnhitað og loftræst um opnanlega glugga, nema böð og aflokuð rými, sem eru án glugga eru vélrænt loftuð, sbr. 10.2.5. gr. byggingarreglugerðar.
- Gluggar og hurðir eru ísettir smíðaðir úr timbri með álglerlistum. Þétting glugga (talið utan) Illmond borði, tróð, þéttislanga og með þéttiefni. Yfir þéttingar að utan og undir glerlista skal setja ál-lista og vatnsbretti úr 2 mm áli. Skilveggir á pöllum og svölum og handrið skal smíða úr timbri og klæða 2mm álplötum. Gluggar, hurðir, flasningar, vatnsbretti og skilveggir eru í gráum lit Ral 7037.
- Gler í gluggum er tvöfalt verksmiðjugler, glugga og gler skal miða við ÍST 32 grunngildi og vindálag q=2.0kNm2. Gler í gluggafögum við gólf er öryggisgler og sama gildir um gler í hurðum, sbr. Rb (31). 121.1,
- Útveggir eru málaðir í ljósum lit Ral 1013.
- Gólf beggja hæða eru vélpússuð. Gólf íbúða eru lögð harðparketti og baðgólf flísalögð. Gólf á göngum og stiga eru dúklögð og andirisgólf flísalögð önnur innrými eru epoxy-lökkuð.
- Innveggir og loft eru máluð í sama lit Ral9010.
- Veggir baða eru að hluta flísalagðir.
- Inntök veitna eru í sérrými á jarðhæð með aðgengi úr forstofu.
- U-gildi: útveggir0.40, þak 0.2 og gólf 0.30, sjá varmatapsútreikninga.
- Lyfta er í húsinu með hliðsjón af þörfum hreyfihamlaðra.
- Gert er ráð fyrir íbúðum fyrir hreyfihamlaða á báðum hæðum.
- Handrið eru klædd sléttum álplötum, hæð 110 cm.
- Ræstiklefi er á jarðhæðinni.
- Móttökurými í forstofu.
- Sorpskýli eru steyptar einingar frá BM-Vallá.
- Hleðslustöðvar fyrir rafbíla við bílastæði, merkt RH.
- Frágangur lóðar: Lóðin er jöfnuð og klædd túnþökum og runnaglóðri. Bifreiðastæði eru malbikuð.




AFSTÖÐUMYND

Samþykkt þann
03. JÚNÍ 2020
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

| Br. nr. | Dags. | Af. | Breyting |
|---|---|---|---|
| A | 18.5.2020 | BH | byggingarlýsing, afstöðumynd |
| B | 28.5.2020 | BH | hleðslustaurar, bílast. |
| C | | | |
| D | | | |
| E | | | |

## BRUNAVARNIR

Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf (mál nr. 20-211) í mars 2020 fyrir Norðurhellu 19, Hafnarfirði. Lausnir eru skv. forskiftarákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 350/2013, gr. 9.2.2 liður a. Ekki er um að ræða frekari brunahönnunarskýrslu.

### Flokkun og notkun byggingar

Byggingin verður í notkunarflokki 4 skv. byggingarreglugerð.

### Brunahólfun

Hver gistiíbúð er sér brunahólf með a.m.k. EI90 veggjum milli gistiíbúða og EI60 fram á gang.
Gangar við gistiíbúðir eru sér brunahólf.
Stigahús og lyfta er sér brunahólf.
Móttökuherbergi er sér brunahólf.
Inntaksrými er sér brunahólf.
Ræstingar eru sér brunahólf.
Lóðréttir lagnastokkar eru sér brunahólf.

### Burðarvirki

Hæðaskil eru a.m.k. REI90.
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R90.
Brunamótstaða burðarvirkis þaks er a.m.k. REI60.

### Klæðningar

Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar verða í flokki 1 (K10 B,s1-dO) og gólfefni í göngum og stigahúsi í flokki G (Dfl-s1)).
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-dO).
Upphengd loft verða úr A-efnum.
Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

### Flóttaleiðir

Hvergi er lengra en 15 m í næsta útgang.
Gert er ráð fyrir allt að 20 gestum á hvorri hæð eða alls allt að 40 gestum.
Önnur leiðin frá hverri gistiíbðuð á neðri hæð er beint út.
Önnur leiðin frá annarri hæð er út á svalir.
Flóttahurðir skulu búnar neyðarhúnum eða "push pad".
Í hverri gistiíbúð skal vera flóttaleiðauppdráttur sem tilgreinir flóttaleiðir og helstu viðbrögð við bruna.

### Brunaviðvörunarkerfi

Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar. Stjórnstöð og yfirlitsmynd er við móttöku. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.

### Loftræsikerfi

Loftræsikerfi skulu vera skv. DS428.
Útsogsstokkur er sér fyrir hvert herbergi og safnast nokkrir saman í sameiginlegan útsogsblásara á þaki.

### Reyklosun

Reykræsing er almennt um glugga og hurðar.

### Slökkvitæki

Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu m.a. staðsett á göngum, inntaksrými og í hverri gistiíbúð, t.d. 6 L léttvatn og 5 kg kolsýra í inntaksrými. Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

### Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k. 1 lux á göngum, 5 lux í stigahúsi og 0,5 lux í salernum fyrir fatlaða.

### Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn

Aðkoma slökkviliðs er góð kringum húsið.

### Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa

Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir gistiheimilið Norðurhellu 19, Hafnafirði.

26.05.2020
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.

BRUNAHÖNNUN

Stærðir:

| | | |
|---|---|---|
| Botn | | 127.7 m3 |
| 1. Hæð | 638.6 m2 | 1937.0 m3 |
| 2. Hæð | 626.5 m2 | 1951.8 m3 |
| Þak | | 159.7 m3 |
| Samtals | 1265.1 m2 | 4016.6m3 |

Lóð: 2830.6 m2, landnúmer 204729.

Nýtingarhlutfall 2830.6 / 1265.1 = 0.45

Bílastæði á lóð 38 stæði, þar af fjögur fyrir hreyfihamlaða.

TEIKNISTOFAN ÓÐINSTORGI STOFNUÐ 1965

ARKITEKTAR BYGGINGAFRÆÐINGAR INNANHÚSSHÖNNUÐIR


HELGI HJÁLMARSSON ARKITEKT FAÍ
BJÖRN HELGASON BYGGINGAFR. BFÍ
LENA HELGADÓTTIR ARKITEKT FAÍ

ÓÐINSGATA 7
101 REYKJAVÍK
TEL +354 510 2200
FAX +354 510 2201
MAIL to@to.is

HÖ.STJR. : 220421-4549


VERKEFNI : NORÐURHELLA 19, HAFNARFIRÐI
HEITI : AFSTÖÐUMYND, GISTIHEIMILI
L 204729

M: 1:500
T. BH
DAGS. 19. 3. 2020
NR. 1249-1-1